

48

5. desbr.

5. gr.

Hinn árlegi fjárhagsreikningur skal að loknum ársfundi sendur landshöfðingja.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hann veðtryggður á þann hátt, er fyrirskipaður er um ómyndugra fje, eða settur á vöxtu gegn annari tryggingu, er landshöfðingi telur jafnörugga.

7. gr.

Til þess að geta orðið styrks aðnjótandi útheimtist að ekkjan beiðist sjálf styrks, og að hún sje sparsöm og ráðvönd, hafi börn fram að færa, eitt eða fleiri, og fari vel með þau til sálar og líkama.

8. gr.

Styrkur sá, sem hver ekkja hlýtur, má ekki vera minni en 25 krónur, og ekki meiri en 100 krónur, þó að vextir sjóðsins kunni að leyfa það, en verði þeir nokkurn tíma 200 krónur, þá skulu fjórar ekkjur verða teknar til greina o. s. frv. Veita má sömu ekkju styrk hvert ár eptir annað. Ekki er móðurlausum börnum ætlaður styrkur, þó að faðir drukkní; þó má gjöra það, ef verðugar, þurfandi ekkjur eru eigi til. Að jöfnum verðleikum og kringumstæðum skulu ekkjur í Akraneshreppum ætíð ganga fyrir öðrum.

Guðrúnarkoti, 17. ágúst 1891.

Hallgr. Jónsson.

49

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Örum & Wulffs 1891.

	Tekjur:	Kr.	Aur.
1. Eign sjóðsins 1. jan. 1891:			
a. Innritunarskírteini A. fol. 92	Kr. 4000,00		
b. Í peningum	— 44,95	4044	95
2. Leigur af innritunarskírteini A. fol. 92 frá ¹¹ / ₆ —90 til ¹¹ / ₆ —91		140	00
		<u>4184</u>	<u>95</u>
	Gjöld:		
1. Styrkur veittur Pjetri Stefánssyni á Eyðum (fylgiskjal 1.)		150	00
2. Í sjóði við árslok 1891:			
a. Innritunarskírteini A. fol. 92	Kr. 4000,00		
b. Í peningum	— 34,95	4034	95
		<u>4184</u>	<u>95</u>

Íslands norður- og austuramt, Akureyri, 11. jan. 1892. Húsavík, 8. febr. 1892.

J. Havsteen.

P. Guðjohnsen.